



Stjórnarfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

14. fundur stjórnar 2024-2025 föstudaginn 29. nóvember 2024
kl. 12.00 - 14.00 haldinn í Gimli 301 og á Teams

Mætt: Sigrún Ólafsdóttir formaður, Guðný Björk Eydal, Ólafur Páll Jónsson, Ragna Benedikta Garðarsdóttir og Zophonías Oddur Jónsson.

Á Teams: Eyja Margrét Jóhönnu Brynjarsdóttir.

Forföll: Hermína Gunnþórsdóttir og Þóroddur Bjarnason.

Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri var á Teams og ritaði fundargerð.

Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Tillögur um breytingar á matskerfi opinbera háskóla. Umsögn félagsins.
2. Niðurstöður könnunar meðal prófessora varðandi Ritlauna- og rannsóknasjóð.
3. Önnur mál.

Sigrún Ólafsdóttir formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 12.20.

1. Tillögur um breytingar á matskerfi opinberra háskóla. Umsögn félagsins.

Málið var á dagskrá á síðasta fundi. Umsögn þarf að berast í síðasta lagi 1. desember. Ólafur Páll fór yfir þær athugasemdir sem bárust frá fulltrúum í stjórn. Umsögnin var síðan kláruð á fundinum og mun framkvæmdastjóri senda hana eftir fundinn.

2. Niðurstöður könnunar meðal prófessora varðandi Ritlauna- og rannsóknasjóð.

Vísað er til fyrri fundargerða um könnun meðal félagsfólks varðandi ritlaunasjóðinn. Könnunin var send félagsfólki þann 12. nóvember sl. og ítrekun send sex dögum síðar. Ragna fór yfir helstu niðurstöður.

Eyja fór kl. 13.53.

Sigrún tók að sér að vinna enn frekar úr niðurstöðunum. Í framhaldi af því verður tekin ákvörðun um kynningu meðal félagsfólks áður en tillögur að breytingum verða sendar stjórn sjóðsins.

3. Önnur mál.

a) Fundur með frambjóðendum til Alþingis.

Opinn fundur félagsins með framboðum til Alþingis um málefni háskólanna þann 25. nóvember síðastliðinn gekk vel. Um 170 manns sóttu fundinn en um helmingur af þeim tók þátt í streymi. Margt fróðlegt kom fram á fundinum, umræður góðar og mismunandi sjónarmið rædd. Fundurinn var haldinn í samstarfi við Félag háskólakennara, Félag háskólakennara á Akureyri, Landssamtök íslenskra stúdenta og

FEDON - Félag doktorsnema og nýdókora við HÍ. Þeir stjórnarmálaflakkar sem bjóða fram á landsvísu staðfestu allir komu sína. Fundarstjóri var Hulda Þórisdóttir, prófessor. Upptaka af fundinum er komin á heimasíðu félagsins, ljósmyndir, glærur ásamt spurningum sem framboðin fengu fyrir fundinn.

b) Jólaboð emeríta.

Eins og fram kom á síðasta fundi verður jólaboð emeríta þriðjudaginn 3. desember nk. í Safnaðarheimili Fríkirkjunnar. Samtals hafa rúmlega 50 manns tilkynnt þátttöku. Gestur kvöldsins verður Geir Sigurðsson prófessor sem mun kynna nýju skáldsöguna sína Óljós.

Það voru ekki fleiri önnur mál.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 14.03.

Fundarritari: LP.